# AUGLÝSING

**um deiliskipulag í Akraneskaupstað.**

*Deiliskipulag hótelreits.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 11. mars 2008, var samþykkt deiliskipulag á hótelreit á Akranesi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir lóð á reit sem í aðalskipulagi er skilgreindur sem verslunar- og þjónustusvæði. Í skipulaginu er mörkuð lóð fyrir hótel/golfskála; byggingarreitur og bílastæði. Gert er ráð fyrir þriggja hæða hótelbyggingu alls 7.178 $m^2$ að flatarmáli.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 14. apríl 2008.*

**Þorvaldur Vestmann,**
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 14. apríl 2008